

# Ársskýrsla stjórnar Andvara



Starfsárið 1. október 2010 til 30. september 2011

## Efnisyfirlit

Stjórn Andvara 2010 – 2011 .....	4
Nefndir Andvara 2010-2011 .....	6
Æskulýðsnefnd .....	9
Upphafshátíð .....	9
Námskeiðahald .....	9
Knapamerki .....	9
Polla- og krakkanámskeið .....	10
Keppnisnámskeið .....	11
Smalanámskeið .....	11
Viðburðir .....	11
Krakkadagur .....	11
Æskan og hesturinn .....	12
Æskulýðsleikar Andvara og Gusts .....	13
Umhverfisdagurinn .....	14
Uppskeruhátíð Æskulýðsnefndarinnar.....	14
Landsmótsferð barna, unglunga og ungmenna frá Andvara.....	15
Íþróttamaður Andvara 2010 .....	16
Mótanefnd .....	17
Vetrarleikar .....	17
Opið þrígangsmót .....	18
Firmakeppni .....	19
Íþróttamót .....	19
Gæðingakeppni.....	20
Veitingasala.....	20
Firmanefnd. ....	31
Umhverfisnefnd 2011. ....	31
Meistaramótsnefnd .....	32
Hestadagar.....	33
Nefndakvöld Andvara 2011 .....	35

Staða sameiningar .....	36
Félagsheimili .....	38
Félagssvæði.....	38
Heimasíða .....	38
Samstarf við Garðabæ .....	39
LH þing .....	39
Félagatal.....	39
Fræðslustarf.....	40
Karlatölt .....	40
Golur .....	40
Reiðhöllin .....	40
Rásbásar:.....	41
Reiðskóli á sumrin.....	41
Lokaorð .....	42
Ársreikningar.....	41

## Stjórn Andvara 2010 – 2011

Á aðalfundi Andvara 2010 voru eftirtaldir einstaklingar kosnir í stjórn félagsins:

Stjórn:

Ingibjörg Guðrún Geirsdóttir	formaður
Guðjón Árnason	varaformaður
Geirprúður Geirsdóttir	gjaldkeri
Hrafnhildur Pálsdóttir	ritari
Sigfús A. Gunnarsson	meðstjórnandi

Varamenn:

Hulda Jóhannsdóttir

Þórdís Anna Gylfadóttir



*Mynd: fyrsti stjórnarfundur vetrarins*



*Mynd frá undirskrift samninga við Garðabæ*

## **Nefndir Andvara 2010-2011**

### **Mótanefnd:**

Ólafur Már Símonarson – S: 866 8777 – tölvupóstfang: mstar12345@gmail.com

Hulda Jóhannsdóttir – S: 868 5995 – tölvupóstfang: hulda08@gmail.com

Ellen María Gunnarsdóttir – S: 663 3115 – tölvupóstfang: ellmgun@verslo.is

Lárus Sindri Lárusson – S: 862 5949 – tölvupóstfang: larslar@verslo.is

Stella Björg Kristinsdóttir – S: 825 8205 – tölvupóstfang: stella@marel.is

Rósa Ingibjörg Jónsdóttir – S: 869 9346 – tölvupóstfang: rijorijo@gmail.com

Guðlaug Jóna Matthíasdóttir – S: 661 2363 – tölvupóstfang: gullaj@hotmail.com

Pálína Vagnsdóttir – S: 848 6019 – tölvupóstfang: pava@simnet.is

### **Firmanefnd:**

Unnar Björn Jónsson – S: 693 4269 – tölvupóstfang: ubj@iav.is

Gestur Bragi Magnússon – S: 660 1818 – tölvupóstfang: gestur@vagnar.is

### **Æskulýðsnefnd:**

Hrafnhildur Páldóttir – S: 695 2391 – tölvupóstfang: hrafnpal@kopavogur.is

Haraldur Pétursson – S: 895 5714 – tölvupóstfang: hap@applicon.is

Hulda Rúriksdóttir – S: 897 4478 – tölvupóstfang: hulda@borgarlogmenn.is

Guðrún Helga Jóhannsdóttir – S: 821 4378 – tölvupóstfang: gudrunv@hi.is

Rósa Kristinsdóttir – S: 847 1279 – tölvupóstfang: rosakr@kvenno.is

Sigurður Ólafsson – S: 822 8440 – tölvupóstfang: sigurdurhelgi@gmail.com

Sævar Guðbergsson – S: 856 6482 – tölvupóstfang: saevar.gudbergsson@kaupthing.com

Ásrún Óladóttir – S: 894 7588 – tölvupóstfang: asrunola@gmail.com

Sigríður Óladóttir – S: 862 5969 – tölvupóstfang: sirrola@gmail.com

Lárus Finnbogason – tölvupóstfang: larus.finnbogason@deloitte.is

Elísabet Sveinsdóttir – S: 898 4979

### **Umhverfisnefnd:**

Gunnar Már Þórðarson – S: 893 4425 – tölvupóstfang: undraland10@simnet.is

Jón Gíslason – S: 822 7807 – tölvupóstfang: jon@husdyragardurinn.is

### **Fræðslunefnd:**

Þórdís Gylfadóttir – S: 868 7432 – tölvupóstfang: thag@simnet.is / disa@isi.is

Frimann Ólafsson – S: 891 8147 – tölvupóstfang: frimannol@intemet.is

Brynja Viðarsdóttir – S: 660 1810 – tölvupóstfang: brynjav@btnet.is

### **Uppstillingarnefnd:**

Oddur Hafsteinsson – S: 862 2008 – tölvupóstfang: oddur@thekking.is

Pétur A. Maack – S: 822 4572 – tölvupóstfang: pam1@simnet.is

Matthías G. Pétursson – S: 892 2184 – tölvupóstfang: matti@vis.is

Þorvaldur Sigurðsson – S: 893 9779 – tölvupóstfang: valdi@inter.is

### **Heimasíða :**

Geirþrúður Geirsdóttir – S: 820 6408 – tölvupóstfang: geirthrudur.geirsdottir@landsbanki.is

Þórdís Anna Gylfadóttir – S: 8687432 – tölvupóstfang: thag@simnet.is / disa@isi.is

### **Reiðveganefnd:**

Halldór Halldórsson – S: 892 8678 – tölvupóstfang: bilamalunh@simnet.is

Þorvaldur Sigurðsson – S: 660 3710 – tölvupóstfang: valdi@inter.is

Guðjón Gunnarsson – S: 646 4995 – tölvupóstfang: gudjon@iss.is

### **Gömur:**

Gréta Boða

Brynja Viðarsdóttir – S: 660 1810 – tölvupóstfang: brynjav@btnet.is

Guðfinna Jóhannsdóttir – S: 660 1816 – tölvupóstfang: gudfinna@vagnar.is

### **Vallarnefnd:**

Kristinn Hugason – S: 891 9879 – tölvupóstfang: kristinn.hugason@stjr.is

Sveinn Gaukur Jónsson – S: 867 2700 – tölvupóstfang: gaukurinn@simnet.is

### **Meistaramótsnefnd:**

Gunnar Már Þórðarson – S: 893 4425 – tölvupóstfang: undraland10@simnet.is

Þorvaldur Sigurðsson – S: 893 9779 – tölvupóstfang: valdi@inter.is

Þorsteinn Pálsson – S: 894 1451 – tölvupóstfang: steinip@ir.is

Guðjón Tómasson – S: 693 7605 – tölvupóstfang: siba@mmedia.is

Viggó Sigursteinsson – S: 842 5066

Þórdís Anna Gylfadóttir – S: 868 7432 – tölvupóstfang: thag@simnet.is / disa@isi.is

### **Ferðanefnd:**

Halldór Halldórsson – S: 892 8678 – tölvupóstfang: bilamalunh@simnet.is

Jóhann Baldursson – S: 892 0518

Þorsteinn Pálsson – S: 692 1058 – tölvupóstfang: steinip@ir.is

### **LH þing:**

Pétur A. Maack

Guðjón Árnason

Erla Guðný Gylfadóttir

Geirþrúður Geirsdóttir

Hrafnhildur Pálsdóttir

Kristinn Hugason

Erling Ó. Sigurðsson

Halldór Halldórsson

## Æskulýðsnefnd

### Upphafshátíð

Upphafshátíð Æskulýðsdeildarinnar var haldin sunnudaginn 9.janúar. Þar var m.a dagskrá vetrarins kynnt og reiðkennarar fóru yfir fyrirkomulag á námskeiðum vetrarins.



Einnig voru reiðkennararnir með geysilega skemmtilega spurningakeppni fyrir krakkana.

### Námskeiðahald

Æskulýðsnefndin stóð fyrir eftirfarandi námskeiðum: Pollanámskeið fyrir yngstu börnin, krakkanámskeið, knapamerki 1 – 5 og keppnisnámskeið.

Reiðkennararnir Jelena Ohm, Þórdís Anna Gylfadóttir sáu um kennsluna s.l. vetur ásamt Erlu Guðnýju Gylfadóttir.

Garðabær styrkti æskulýðsstarfið rausnarlega og var stór hluti af því notaður til að niðurgreiða námskeiðin.

### Knapamerki

Boðið var upp á kennslu í knapamerkjunum vinsælu í vetur. Bóklegu tímarnir hófust 25.október. Í byrjun janúar var svo farið af stað með verklegu tímana í reiðhöllinni. Kennarar á námskeiðunum voru Þórdís Anna Gylfadóttir sem kenndi knapamerki 1, 3, 4 og 5 og Jelena Ohm sem kenndi knapamerki 2.

Sjö kláruðu knapamerki 1, fimm kláruðu knapamerki 2, fjórir kláruðu knapamerki 3, átta tóku knapamerki 4 og þrír kláruðu knapamerki 5. Allir þessir nemendur stóðu sig mjög vel.



*Mynd: Ellen María ásamt Þórdísi Önnu reiðkennara.*

Ellen María Gunnarsdóttir fékk viðurkenningu fyrir framúrskarandi árangur, ástundun og hæstu einkunn í bóklegu og verklegu námi á Knapamerkjastigi 5 árið 2011 frá Háskólanum á Hólum

### **Polla- og krakkanámskeið**

Pollanámskeiðið var ætlað yngsta aldurshóp hestamennskunnar. Boðið var upp á námskeið í janúar og annað í mars. Hvort námskeið fyrir sig var sex skipti og voru þrettán nemendur sem nýttu sér það.



Krakkanámskeiðið var ætlað þeim sem lengra eru komin en hafa ekki aldur til að fara á knapamerkjánámskeið, en aldurstakmark þar er

12 ár. Námskeiðið var sex skipti og þátttakendur voru 15.

Polla- og krakkanámskeiðunum lauk með þrautabrautarkeppni sem haldin var í reiðhöll Andvara.

Þátttakendur á þessum námskeiðum og aðstandendur þeirra voru almennt mjög ánægðir með fyrirkomulag og kennsluna.

### **Keppnisnámskeið**

Keppnisnámskeið var fyrir börn, unglinga og ungmenni í Andvara og var því ætlað að styðja við bakið á þeim sem vildu styrkja stöðu sína á því sviði og undirbúa sig og hesta sína fyrir keppnir.



Námskeiðið hófst í byrjun mars og fór fram í reiðhöll Andvara. 22 þátttakendur voru á þessu námskeiði og byrjað var með að kenna í þriggja manna hópum en síðan var farið að kenna einstaklingslega

og fékk hver þátttakandi þá 20 mínútur einu sinni til tvisvar í viku. Það fyrirkomulag þótti takast mjög vel. Kennari fylgdi síðan þeim krökkum sem komust inn á landsmót norður og var þeim sem þess óskuðu til halds og traust.

Krakkarnir okkar voru mjög dugleg að mæta á mót í vetur og sumar og stóðu sig með prýði á þeim.

### **Smalanámskeið**

Boðið var upp á helgarnámskeið í Smalanum sem lauk með keppni milli þeirra sem sóttu námskeiðið ásamt þeim sem vildu taka þátt en höfðu ekki haft tæk á að koma á námskeiðið.

### **Viðburðir**

#### **Krakkadagur**

Hinn árlegi krakkadagur Andvara var haldinn sunnudaginn 20. febrúar. Dagurinn tókst mjög vel



og voru það ánægð börn sem léku sér í reiðhöllinni í hoppuköstölum og með leiktækjum á meðan eldri börnin sátu fyrirlestur hjá Sigurjóni Hendrikssyni sjúkraflutningamanni og hestamanni um hvernig skuli bregðast við óhöppum eða slysum sem geta átt sér stað í hestamennskunni.

### Æskan og hesturinn

Æfingar hófust í lok janúar fyrir eldri sýningarhópin og voru einu sinni í viku í reiðhöllinni á



Kjóavöllum með dyggri leiðsögn Jelenu Ohm. Allir þeir sem höfðu áhuga á því að taka þátt var leyft að vera með og vorum við í samstarfi við Æskulýðsdeild Gusts. Það voru því krakkar úr báðum félögunum sem tóku þátt.

Síðan kom í ljós að hinn árlegi viðburður Æskan og hesturinn yrði ekki með sama sniði

og undanfarin ár, heldur yrði hún í tengslum við hestadaga í Reykjavík. Þar sem æfingar voru komnar vel á veg fengum við að taka þátt í stórsýningu hestamanna sem var í reiðhöllinni í Víðdal föstudaginn 1.apríl og stóðu krakkarnir sig mjög vel.

Laugardaginn 2.apríl tóku yngstu knapar Andvara þátt í grímureið í Húsdýragarðinum í Laugardal

10 –12 ára krakkar félagsins voru hinsvegar búin að æfa sérstakt smalaatriði sem þau sýndu við góðar undirtektir í Húsdýragarðinum þann sama dag.



## Æskulýðsleikar Andvara og Gusts



Æskulýðsleikarnir eru orðnir að árlegum viðburði hjá félaginu og er venjan að halda þá 1.maí. Í ár var ákveðið að halda leikana í samstarfi við Æskulýðsdeild Gust og tókst það samstarf mjög vel. Hinsvegar voru veðurguðirnir okkur ekki hliðhollir og urðum við að fresta mótinu vegna gífurlegrar snjókomu til þriðjudagsins 3.maí og var þá komið blíðskaparveður. 42 keppendur voru skráðir til leiks í þetta skiptið.

Börn, unglingar og ungmenni kepptu á hringvellinginum í formi gæðingakeppni og máttu þátttakendur mæta með fleiri en einn hest til að sjá hvernig þeir myndu skora.

Pollaflokkur var inni í reiðhöll og fengu allir pollarnir verðlaunapening fyrir þátttöku og umsögn dómara.



Meðan á mótinu stóð var boðið upp á grillaðar pylsur og gos. BM Vallá og Úrvalseldhús voru styrktaraðilar að mótinu.



### Umhverfisdagurinn

Umhverfisnefnd Andvara leitaði til æskulýðsnefndar um aðstoð við að fegra umhverfið með tiltekt. Margir duglegir krakkar mættu og aðstoðuðu foreldra sína við að hreinsa upp rusl sem hafði safnast yfir veturinn. Eftir mikið hreinsunarstarf var boðið upp á pizzur og gos.



### Uppskeruhátíð Æskulýðsnefndarinnar

Uppskeruhátíð Æskulýðsnefndar Andvara var haldin miðvikudaginn 8.júní. Þar voru m.a afhend knapamerkjaskírteini og skírteini fyrir námskeið vetrarins. Einnig voru valdir efnilegustu knapar félagsins þetta árið. Fyrir valinu urðu Birta Ingadóttir og Alexander Ísak Sigurðsson. Þessir knapar hafa verið dugleg við útreiðar og tekið þátt í hinum ýmsu mótum, bæði hjá Andvara og á öðrum opnum mótum, með góðum árangri.



## **Landsmótsferð barna, unglunga og ungmenna frá Andvara**

Það var fullskipað í alla flokka barna, unglunga og ungmenna hjá Andvara. Það má segja að allir þeir sem voru svo lánsamir að hafa náð því marki að komast í „Landsmótshópin“, hafi haft mikið fyrir því þó að reyndar megi jafnframt segja að Andvari eigi miklu fleiri meðlimi á þessu aldurstigi sem hefðu fyllilega getað staðið jafnfætis öðrum á Landsmótinu. Það voru hinsvegar fjöldatakmarkanirnar sem réðu því hversu margir fengu að fara. Fimm einstaklingar / hestar kepptu í hverjum flokki.

Flestir keppniskrakkarnir fóru norður í Skagafjörð á fimmtudegi áður en fyrsti keppnisdagur mótsins var haldinn (sem var á sunnudegi 26. júní). Þau Erla Guðný Gylfadóttir og Jón Ólafur Guðmundsson voru öllum krökkunum til aðstoðar og leiðbeindu öllum sem þess óskuðu á keppnisvöllinum fyrir mótið og stóðu þau sig með stakri þryði. Æfingar voru fyrir allan hópinn dagana fyrir byrjun mótsins. Félagið leigði fyrir keppendur þessara flokka, félagsheimilið Árgarð sem var stutt frá mótssvæðinu. Þar gátu allir þeir gist af keppendum og aðstandendum þeirra, sem þess óskuðu og má segja að félagsheimilið hafi verið fullnýtt allan tímann sem Andvarafélagar voru á mótssvæðinu. Þá var tvisvar sinnum haldinn sameiginlegur matur í félagsheimilinu fyrir alla keppendur í þessum flokkum og má segja að þá hafi verið setið í hverjum stól.



Börn, unglunga og ungmenni úr hópi Andvara voru félagi sínu til sóma á Landsmótinu. Þrír komust milliriðla í ungmennaflokk og Ellen María Gunnarsdóttir varð í níunda sæti. Tveir komust í milliriðla í unglungaflokki og Birna Ósk Ólafsdóttir varð í sjöunda sæti. Tveir

komust í milliriðla í barnaflokki og Birta Ingadóttir varð í áttunda sæti.

Við opunarhátíð Landsmótsins fimmtudaginn 30. júní fóru allir keppniskrakkarnir sem voru á svæðinu frá Andvara undir merkjum félagsins svo að félagsmenn sem á horfðu fylltust stolti.



## Íþróttamaður Andvara 2010

Á aðalfundi hestamannafélagsins Andvara þann 18. nóvember 2010 var tilkynnt um val á



Íþróttamanni Andvara 2010. Fyrir valinu varð Ellen María Gunnarsdóttir og var hún einnig valin efnilegasti knapi Andvara árið 2010

Keppnir og árangur hjá Andvara árið 2010:

Tók þátt í öllum vetrarleikum Andvara sigraði í tveimur og í öðru sæti á einum og var samanlagður sigurvegari.

Tók þátt í Þrígangsmóti Andvara og varð í öðru sæti.

Tók þátt í Æskulýðsdegi Andvara og lenti í fyrsta og þriðja sæti.

Tók þátt í Meistaramóti Andvara í tölti áhugamanna, efst eftir forkeppni og varð önnur í úrslitum og í b-úrslitum í fjórgangi en afskráði.

Þess ber að geta að vegna hestapestarinnar var hvorki haldið íþróttamót né gæðingamót hjá Andvara árið 2010

Keppnir og árangur utan Andvara árið 2010

Tók þátt í Barkamótinu í tölti og sigraði sinn flokk.

Tók þátt í Líflandsmótinu varð í fyrsta sæti í tölti og komst í b-úrslit í fjórgangi en afskráði.

Tók þátt í Framhaldsskólamótinu og hafnaði í áttunda sæti.

Tók þátt í Reykjavíkurmestaramótinu og varð þriðja.

Tók þátt í Suðurlandsmótinu og varð þriðja.

Ellen María lauk knapamerki nr. 4 um vorið 2010 og auk þess var hún í tímum hjá Friðfinni Hilmarssyni.

Ellen stundaði hestamennskuna af krafti veturinn 2010 þangað til hestapestin tók völdin. Um sumarið og fram á haust var hún að þjálfra og temja hesta í eigu fjölskyldunnar eftir að pestin var í rénun. Einnig vann hún hjá Búnaðarsambandi Suðurlands sem ritari á kynbótasýningum.

## **Mótanefnd**

Almennt séð gekk veturinn vel fyrir sig hjá mótanefnd. Sjö mót voru haldin og gekk undirbúningur og mótahald vel þrátt fyrir að það sé alveg augljóst að það þurfi að fjölga í mótanefndinni, alltof fáir eru að vinna við undirbúning og að sjá um mótin. Virkja þarf fleiri félagar svo það þurfi ekki alltaf að vera að húa í sama fólkið þó flestir séu alltaf tilbúnir til að aðstoða.

## **Vetrarleikar**

Haldnir voru þrennir vetrarleikar sem styrktir voru af Coca cola, þeir fyrstu þann 12. febrúar. Aðrir vetrarleikar voru haldnir þann 5. mars og voru þeir haldnir sameiginlega með Gusturum og þriðju leikarnir voru haldnir þann 3. apríl.

Almennt var mikil þátttaka á vetrarleikum og hart barist, ekki síst til að reyna að verða samanlagður sigurvegari vetrarleikanna. Samanlagður sigurvegari var reiknaður þannig að þrjú mót af þremur giltu og voru gefin ákveðin stig fyrir hvert sæti og sá sem var með flest stig eftir veturinn vann þann titil. Samanlagður sigurvegari fékk í verðlaun glæsilegan hesta keramikvasa.

Teknar voru myndir á öllum leikunum og settar á netið. Myndirnar má sjá á [www.facebook.com](http://www.facebook.com) undir Andvari.



*Mynd: samanlagðir sigurvegarar vetraleikanna.*

## **Opið Þrígangsmót**

Opið Þrígangsmót var haldið 19. febrúar í reiðhöll Andvara. Fyrirkomulag var þannig að sýna þurfti fegurðartölt, brokk og hægt stökk. Um 45 keppendur voru skráðir til leiks og heppnaðist mótið vel í alla staði. Lýsi styrkti mótið og voru verðlaunagripir afar glæsilegir. Eftir mótið var haldið bjórkvöld í félagsheimilinu þar sem Eyvi Kristjáns hélt uppi stuðinu.



*Mynd: verðlaunagripir á Þrígangsmótinu.*

## Firmakeppni

Firmakeppnin fór fram föstudaginn 22.apríl. Mótið gekk vel og veður var gott. Firmanefndin sá um að afla styrkja en mótanefnd sá um mótið sjálft og allt í kringum það.



## Íþróttamót

Íþróttamótið var haldið 21.–22. maí og voru skráningar tæplega 190 talsins. Mótið heppnaðist vel þrátt fyrir smá seinkun á laugardeginum. Mótið var styrkt af Lýsi og TM.



## Gæðingakeppni

Gæðingakeppnin fór fram 2.-5. júní, ágætis skráning var og fór mótið vel fram. Kökuhornið styrkti okkur með bakkelsi á öllum mótunum.



## Veitingasala

Veitingasala var á íþróttamóti, gæðingamóti og meistaramóti. Veitingasalan skilaði góðum hagnaði.



*Mynd: Fanney og Klara Dröfn stóðu vaktina í sjoppunni.*

Einnig var veitingasala á Karlatölfti þar sem fulltrúar æskulýðsnefndar stóðu vaktina.



## **Reiðveganefnd**

Reiðveganefndin hélt ekki formlega fundi á starfsárinu en var í síma- og tölvusamskiptum. Reiðveganefnd Andvara er virkur aðili í Reiðveganefnd Kjalarnesþings hins forna, sem er samstarfsnefnd allra hestamannafélaga á SV svæði. Alls komu 9. m. kr. af fjárveitingu LH til hestamannafélaganna á SV svæði auk vilyrða um 2. m. kr. aukafjárveitingu frá Vegagerðinni til sérstakra verkefna.

Hlutverk okkar Andvaramanna í nefndinni er einkum að tryggja eftir megni fjármagn til viðhalds og uppbygginga reiðvega á athafnasvæði Andvara og þar sem við deilum athafnasvæði með öðrum hestamannafélögum.



*Mynd: Reiðvegur um Smalaholt*

Á athafnasvæði okkar Andvaramanna hafa nú á haustmánuðum farið fram endurbætur á reiðvegi um Smalaholt (Betubraut), þ.e. skipt var um jarðveg og sett þúkk þar sem forarvilpa myndaðist ávalt í leysingum. Þá var sett yfirborðsefni frá Andvarasvæðinu að göngustíg sem er efst í brekkunni niður að Vífilsstaðavatni.

Þá var sett nýtt yfirborðsefni á reiðveg meðfram Elliðavatnsvegi (Flóttamannavegi) þ.e. frá Vífilsstaðalæk og að reiðvegi inn með Vífilsstaðahlíð. Yfirborðsefni var einnig sett á reiðveg í Vífilsstaðahlíð austan við áningaslána sem er við línuveginn. Á um 500 mtr. kafla þar sem yfirborðsefnið var horfið að verulegu leyti og mikið um staksteina.



*Mynd: Reiðvegur meðfram Elliðavatnsvegi.*

Í Hjalladal var borið í reiðveg frá akvegi á um 600 mtr. kafla áleiðis upp í Hjallahvamm, en á þeim kafla var mikið orðið um staksteina.



*Mynd: Tungustígur, reiðvegur niður með Hjöllum.*

Verulegar endurbætur voru gerðar á Tungustíg, reiðvegi niður með Hjöllum þ.e. frá Gunnarsbraut (vatnslögnin) á um 1. km. kafla þaðan og niður með Hjöllum. Skipt var um jarðveg þar sem stóra forarvilpan myndaðist í leysingum sl. vor og yfirborðsefni sett á þennan kafla.



*Mynd: Reiðvegatenging af Gunnarsbraut á Tungustíg.*

Kópavogsbær stóð fyrir reiðvegatengingu af Gunnarsbraut niður á Tungustíg (reiðvegur með Hjöllum), en veruleg bót er af því. Þar sem hestamenn fóru um áður af Gunnarsbrautinni á Tungustíginn er nú búið að þökuleggja með náttúrulegum þökum með mosa og lyngi.

Undirritaður hefur verið í nokkru samráði við framkvæmdadeild Kópavogs á árinu, hringdi í Stefán L. Stefánsson framkv.stj. deildarinnar þann 31. maí.

*Ég ræddi fyrst við Stefán um lokun eða hindrun akandi umferðar eftir reiðvegi við Þingnes, en þar hefur verið lokað með keðjum, slám, grjóti ofl. undanfarin misseri en ekkert virðist halda aftur af þeim sem ætla sér að aka þarna eftir reiðveginum. Kunningi minn mætti þrem bílum á á þessum stutta kafla frá akvegi við Þingnes að áningaslánum sl. sunnudag. Stefán lofaði að senda sína menn og ath hvaða lausnir væru á þessu.*

*Annað; búið er að hæla mikið út í neðanverðu Básaskarði, yfir fyllinguna og að austur hluta skeiðbrautar Andvara, spurði hvað væri hér á ferðinni hvort ætti að fara að byggja? Nei við erum bara að merkja vatnslögnina okkar svo ekki verði grafið í hana, og á hæll að vera í skeiðbrautinni hjá Andvara? Lítið var um svör við því.*

*Reiðvegaframkvæmdir hjá ykkur? Hef ekki krónu til reiðvegaframkvæmda í sumar, en ég á leirblandað efni uppi á hæðinni ofan Kjóavalla og eitthvað af grús sem ég ætla að reyna að keyra út á reiðvegi í sumar.*

*Leirdalur, hvað um Leirdalshringinn, nú er verið að byggja hús þar sem reiðvegurinn kemur upp úr undirgöngunum frá Kjóavöllum, já sá reiðvegur verður lagður af, nú, já þið eigið ekkert erindi þangað ekkert pláss fyrir ykkur þar, en þetta var kynnt skilmerkilega sem reiðleið á deiliskipulagi og svo ekkert að marka, búið að byggja dýr undirgöng og kosta fleiru til, já ég á fullt af undirgöngum og reiðvegum sem eru engum til gagns.*

*Básaskarð; það verður að setja vatnsrás með reiðveginum í Básaskarði, mér er kunnugt um það og er á dagsskrá að laga það, það þyrfti líka að setja vegstubb 100- 150 mtr. úr Magnúsarlundi í Básaskarðið, er markmið ykkar hestamanna að reiðleiðir séu sem stystar, nei en þetta myndi bæta gæði svæðisins. Ég myndi ráðleggja ykkur að gæta vel að Básaskarðinu í framtíðinni sagði Stefán að lokum.*

Stefán hringdi svo í undirritaðan í byrjun september, kvaðst vera búinn að bera í reiðvegi á svæðinu og spurði hvort reiðveganefndin ætlaði ekki að bera í reiðveginn upp frá Elliðavatni og að Heiðmerkurhliðinu. Undirritaður stóð fyrir því á sínum tíma að koma þessari

reiðvegatengingu á með samkomulagi við Þorstein á Vatnsenda og skipulagsdeild Kópavogsbæjar. Framkvæmdadeildin lítur því svo á að það sé í verkahring reiðveganeftdarinnar að viðhalda þessum reiðvegi. Spurði ég Stefán að því hvort hann legði okkur til efni, Stefán var tregur til en við ákváðum að hittast á Kjóavöllum daginn eftir ásamt verktaka reiðveganeftdarinnar. Skoðuðum við efnishauga Kópavogsbæjar á Kjóavöllum og leist þokkalega á efni þar sem blandað hafði verið sandi, leir og mól það virtist þjappast ágætlega. Úr varð að við fengum að taka það efni sem yfirborðsefni á ofangreindan reiðvegakafla, fórum reyndar heldur lengra með það



*Mynd: Áningar við Þingnes.*

Þá stóð reiðveganeftdin fyrir lagfæringu á áningagerði við Þingnes, en sláin Reykjavíkurmegin var dottin af staurunum. Sett var nýtt L gerði svo sem sjá má af myndinni, en staurarnir í því eru fyrrverandi rafmagns og ljósastaurar úr Andvarahverfinu. Þessar reiðvegaframkvæmdir sem nefndin hefur staðið fyrir á haustmánuðum 2011 hafa kostað tæplega 3. m.kr. og hefur það fjármagn komið úr reiðvegasjóði. Ekki hefur enn fengist leyfi fyrir reiðvegatengingu frá Andvara í Grunnvatnaskarð, en gengið verður eftir því í vetur.

Á árunum 2007 – 2009 var undirritaður í forsvari Reiðveganeftdar Kjalarnesþings hins forna í viðræðum við Orkuveitu Reykjavíkur um afnot af þjónustuvegi Hellisheiðaræðar sem nýs reiðvegar austur á Hellisheiði. Okkur hestamönnum var ávallt vel tekið hjá OR, viðgjörningur mikill og góður á öllum fundum, og skilningur virtist á þörfum hestamanna með nýja reiðleið

fjarri akvegi. Fulltrúar OR gerðu okkur hestamönnum strax ljóst að þeir væru ekki að fara að byggja upp reiðvegi fyrir okkur, en það væri þeim að meinalausu að við nýttum þjónustuvegin sem reiðveg. Um svipað leyti er unnið að frummatsskýrslu Suðurlandsvegar frá Hólmsá að Hveragerði og erum við hestamenn kallaðir til samráðs hjá verkfræðistofunni Eflu. Bentum við hestamenn á þessa mögulegu reiðleið austur og að tryggja yrði tengingu á hana frá höfuðborgarsvæðinu, ekki síst í ljósi þess að við tvöföldun Suðurlandsvegar hjá Gunnarshólma þá fellur reiðleið meðfram akvegi þar út.

Þegar Frummatsskýrsla Suðurlandsvegar kom út í febrúar 2009 þá var ástæða fyrir hestamenn að gleðjast, orðrétt segir í frummatsskýrslunni:

*Útivist: Sú bylting verður fyrir útivist að göngu- og hjólreiðastígur frá höfuðborgarsvæðinu verður lagður austur fyrir fjall sem mun opna nýjan möguleika og gera hjólreiðar öruggari ferðamáta á leiðinni. Tilkoma fimm reiðganga undir Suðurlandsveg tengir saman reiðleiðir beggja vegna vegarinnis og gerir hestaumferð öruggari.*

*Reiðleiðir verða aðlaðar nýjum vegi og reiðgöng verða byggð á hefðbundnum reiðleiðum. Hjóla- og göngustígar verða með hitaveitulögn að Hellisheiðavirkjun, þaðan á mannvirkjavegum og með Suðurlandsvegi að Hveragerði (kafla 3.7).*

*Gert er ráð fyrir að reiðgöng verði undir Suðurlandsveg í Lögbergsbrekku. Reiðgöng verða undir Suðurlandsveg nokkru austan við mislæg gatnamót að Bolöldu, eru komin nú, nokkru vestan við Litlu kaffistofuna. Reiðgöng verða undir Suðurlandsveg í Hveradalabrekku. Reiðgöng verða undir Suðurlandsveg á hefðbundinni reiðleið á Hellisheiði, við svo nefnd Gígavegamót. Reiðgöng og göngu- og hjólreiðagöng verða undir Suðurlandsveg neðst í Kömbum.*

Kafla 3.7 Hjóla, göngu- og reiðleið; afritað beint úr frummatsskýrslunni.

Af öryggisástæðum er ekki gert ráð fyrir hjólandi, gangandi eða ríðandi umferð á breiðkuðum Suðurlandsvegi, hvort heldur sem er á hefðbundnum fjögurra akreina vegi (2+2 vegur), 2+2 vegi með þröngu sniði eða 2+1 vegi.

Eftir samráð við Landssamtök hjólreiðamanna, Reiðveganefnd Landsambands

hestamannafélaga og Orkuveitu Reykjavíkur er lagt til að hjóla-, reið- og gönguleið

Suðurlandsvegur verði á þjónustuvegi með hitaveitulögn Orkuveitu Reykjavíkur, Hellisheiðaræð, frá Hafravatnsvegi að Hellisheiðarvirkjun. Lagt er til að hjóla- og göngustígur verði lagður ofan á hitaveitulögninni og að þjónustuvegurinn verði reiðleið. Mynd 3-17 sýnir mögulegt kennisnið fyrir leiðirnar. Myndir 3-18 og 3-19 sýna leiðirnar og þær er einnig að finna í viðauka 1. Frá Hellisheiðarvirkjun liggur göngu- og hjólaleiðin upp á heiðina um Hellisskarð á vegum á virkjanasvæðinu þaðan sem gönguleiðin fer inn á gömlu þjóðleiðina Hellisgötu til austurs. Á Hellisheiði liggur hjólaleiðin um Gígahnúkaveg og undir Suðurlandsveginn og þaðan inn á vegi Hverahlíðarvirkjunar. Hjólaleiðin mun fara af vegum Hverahlíðarvirkjunar (gamla þjóðveginum) og að Suðurlandsvegi. Þar sem halla fer austuraf og niður Kamba verður hjólaleiðin lögð við öryggissvæði vegarins við akreinina fyrir umferð austur (ofan við veginn), að undirgöngum neðst í Kömbum og þaðan inn á vegi í Hveragerði. Gert er ráð fyrir að reiðleiðin skilji sig frá hjóla- og gönguleið við Hellisheiðarvirkjun. Eins og fram kemur á mynd 3-19 mun reiðleiðin frá Hellisheiðarvirkjun liggja að göngum undir Suðurlandsveg í Hveradalabrekku. Þaðan liggur leiðin með veginum upp á Hellisheiði og inn á gamla Suðurlandsveginn og núverandi reiðleið að Hveragerði.

*Mynd 3-17 Kennisnið fyrir göngu-, hjóla- og reiðleið með hitaveituað Hellisheiðarvirkjunar.*

*Mynd 3-18 Hellisheiðaræð liggur norðan Suðurlandsvegar og framkvæmdasvæði hennar verður notuð sem göngu-, reið- og hjólaleið (sjá stærra kort í viðauka 1).*

Núverandi reiðleið liggur norðan Suðurlandsvegar við Gunnarshólma. Í Lækjarbotnum þarf nú að fara yfir veginn og hefur það valdið óhöppum og slysum á mönnum og hestum. Reiðleiðin liggur síðan upp með Lögbergsbrekku og austur gamla Suðurlandsveginn að Litlu kaffistofunni yfir veginn aftur og áfram til austurs norðan Suðurlandsvegarins. Reiðgöng verða byggð í Lögbergsbrekku og við Litlu kaffistofuna.

Eftir að vélhjólsvæðið við Bolaöldur var opnað árið 2006 hafa vélhjólamenn nánast yfirtekið reiðleiðina og mörg vélhjól fara reiðleiðina alla þá daga sem opið er við Bolaöldur.

Umferð vélhjóla (torfæruhjóla) og umferð hesta fer engan veginn saman og með færslu reiðleiðarinnar norður fyrir Suðurlandsveg á þjónustuveg Hellisheiðaræðar er mögulegt að láta vélhjólamönnum eftir núverandi reiðstíg að Bolaöldum og skilgreina hann sem vélhjólaleið og aðskilja þannig vélhjól og hross.

Reiðgöngur verða í Lækjarbotnum og í aðalskipulagi Ölfus er gert ráð fyrir þrennum reiðgöngum, við Draugahlíðar, Hveradalabrekku og á Hellisheiði. Gert er ráð fyrir hjóla-, göngu-, reiðgöngum neðarlega í Kömbum og aksturs-, göngu- og hjólagöngum vestan vegamóta við Hveragerði og einnig akstursgöngum skammt austan þeirra.

Gert er ráð fyrir að öll undirgöngur verði gerð úr samsettum bærustálsrörum og að stærð þeirra verði þannig að í reiðgöngum verði þriggja metra breitt svæði með þriggja metra hæð og að í göngum fyrir gangandi verði þriggja metra breitt svæði með tveggja og hálfmetra hæð.

*Mynd 3-19 Hjólreiðaleiðin mun liggja um Gígahnúkaveg og sunnan Suðurlandsvegur um þjónustuvegi Hverahlíðarvirkjunar, gamla þjóðveginn og með vegi í Kömbum.*

### 3.8 Kostnaður

Áætlaður kostnaður vegna 2+2 vegar með mislægum vegamótum er 9,2 milljarðar króna, 5,6 milljarðar fyrir 2+2 veg með þröngu sniði og planvegumótum og 3,7 milljarðar vegna 2+1 vegar (tafla 3-2).

Áætlaður kostnaður vegna göngu-, hjóla- og reiðleiða er sá sami fyrir allar veggerðir um 330 milljónir kr.

Miðað er við verðlag í janúar 2009 og innifalið í kostnaði er virðisaukaskattur, kostnaður við hönnun, umsjón og eftirlit (18 %) og ófyrirséð (25 %).

Vissulega var ástæða fyrir hestamenn ásamt göngu- og hjólreiðafólki að gleðjast yfir þessum niðurstöðum, fullt samráð um þessar niðurstöður virtust milli aðila. Það voru því veruleg vonbrigði á fundi hjá OR í Hellisheiðavirkjun í desember 2009 þar sem okkur var tilkynnt að hlutar þjónustuvegarins yrðu fjarlægðir að framkvæmdum loknum. Til þessa fundar var stjórnnum hestamannafélaga á höfuðborgarsvæðinu ásamt reiðveganefnd í Kjalarnesþingi hinu forna boðið ásamt fulltrúum hestamannafélaga í Ölfusi og formanni LH. Alls mættu fimmtán fulltrúar hestamanna til fundar ásamt fimm fulltrúum OR. Skýringar OR voru þær að samkvæmt umhverfismati stofnæðar Hellisheiðavirkjunnar þá þyrfti að endurheimta það votlendi sem raskaðist við framkvæmdina.

Við eftirgrennslan reiðveganefndarinnar kom í ljós að endurheimtur votlendis voru samkvæmt umhverfismatinu ekki bundnar endilega við þessa framkvæmd heldur mátti vera hvar sem var á SV landi. Líklegri skýringar að mati okkar í reiðveganefndinni er sú að OR tókst ekki að fá Vegagerðina til að kosta fyrir sig undirgöng undir Suðurlandsveg vegna fyrirhugaðrar Bitruvirkjunnar á Ölkelduhálsi.

Í öllu þessu ferli hafði reiðveganefndin sótt um að reiðvegur meðfram Hellisheiðaræð yrði staðfestur á skipulagi þeirra sveitarfélaga sem tilkall gera til lands á ofangreindu svæði og höfðu þau öll svarað erindinu jákvætt, nema Seltjarnarneshreppur sem hefur ekki séð ástæðu til að svara erindinu.

Að loknum framkvæmdum við Hellisheiðaræð fjarlægði OR þjónustuvegin úr Elliðakotsmýrum (mynd) á um 250 mtr. kafla og að hluta til vestan við Sólheimakot, einnig voru fjærlægðir hlutar þjónustuvegarinn austast á svæðinu.



*Mynd: Elliðakotsmýrar, fjær sér í spennistöð á Geithálsi.*

Reiðveganefndin hefur sótt um framkvæmdaleyfi til Mosfellsbæjar um reiðvegagerð í Elliðakotsmýrum og í landi Sólheimakots, en þetta svæði er innan lögsögumarka Mosfellsbæjar. Í dag er hægt að komast á reiðveginn (þjónustuveginn) meðfram Hellsheiðaræð með því að fara hjá Gunnarshólma og í gegnum sumarbústaðahverfið að Elliðakoti, þaðan á gömlum og grýttum slóða á nýja veginn.

Vonandi tekst okkur í reiðveganefndinni að koma þessari leið meðfram Hellsheiðaræð í það horf að hún verði aðalreiðleið frá höfuðborgarsvæðinu austur fyrir fjall.

Halldór H. Halldórsson

## Ferðanefnd

Nefndin var stórhuga í upphafi og reyndar alla tíð síðar. Settar voru upp nokkrar ferðir í vetraráætlun félagsins. Fyrstu ferð vetrarins hugðumst við fara í mars en veður voru válynd og félagsmenn héldu sig að mestu innandyra þannig að aldrei var hún farin sú ferðin.

Næsta félagsferð var hin árlega Skírdagsreið þar sem riðið var til Sörla í Hafnarfirði þar sem tekið var höfðinglega á móti okkur sem áður fyrr. Þessi ferð var vel sótt og heppnaðist í alla staði vel enda að mestu óskipulögð af okkar hálfu.

Jæja, Kaldársel skyldi verða næsta ferð og lögðu upp í hana fámennur hópur hraustra karla og kvenna.



Veður var válynt og lítilsháttar snjódrífa en enginn lét það hafa áhrif á ferðagleðina. Tækjum og tólum til veisluhalda hafði verið komið fyrir þá um morguninn í Kaldárseli og þangað skyldi halda. Riðið var sem leið lá um Dóradrag inn í Heiðmörk. Skemmst er frá því að segja að þaðan lá leiðin labbandi til baka með hesta í taumi niður Dóradrag niður að vatni. Það

hlóðst nefnilega slíkur snjór í hófa að hestarnir höfðu stækkað um 10 cm og stóðu tæpast undir sjálfum sér. Ferðinni lauk með hring í kringum vatnið og engin varð veislan í Kaldárseli.

Næst var það Hafravatnsreiðin, enn og aftur lagði fámennur hópur af stað en veður var gott og reiðleiðir frábærar og var riðið í gamla rétt norðanmegin við vatnið þar sem við nutum þess að grilla pylsur og bökuðum vöflur í eftirrétt.

Grill í Gjármótum var næst á dagskrá og var nokkur fjöldi sem tók þátt í þessari reið. Í Gjármótum buðum við uppá bauka, grilluð læri og kjúlla sem KFC styrkti okkur um. Verðinu var stillt í hof því var fjárhagsafkoma lítil sem engin.

Kvöldferð um Heiðmörk, humm humm, einhvern veginn höfðum við kallarnir ekki löngun til að fara þessa rómantísku reið einir með Dóra og frú. Ferðinni var aflýst.

Síðasta ferðin var fyrirhuguð sumarferð á Fjörurnar. Við fundum lítinn, nei ég meina engan áhuga á þessari ferð og því var henni aflýst.

Fyrir hönd ferðarnefndar

Steini Páls

## **Firmanefnd.**

Firmanefnd hefur það verkefni með höndum að safna áheitum frá fyrirtækjum vegna firmakeppni. Í ár söfnuðust áheit fyrir 490.000.-

## **Umhverfisnefnd 2011.**

Umhverfisdagurinn var haldinn þriðjudaginn 19. apríl í samvinnu við Gust. Þrátt fyrir leiðinlegt veður var þátttaka góð, þar sem ungir sem aldnir tóku til hendinni og hreinsuðu hesthúsahverfin og meðfram reiðstígum. Að hreinsun lokinni var boðið upp á pizzur í félagsheimilinu.

Umhverfisnefnd gerði tilraun, með tilkynningu á heimasíðu félagsins, til að fá eigendur gamalla rafmagnsgirðinga til að fjarlægja þær vegna slyshættu en það bar engan árangur.

Umhverfisnefnd vill hvetja hestamenn og aðra til að huga að umhverfinu og ganga vel um svæðið.



## **Meistaramótsnefnd**

Meistaramót Andvara var haldið helgina 2.- 4. september í frábæru veðri og er slík veðurlíða á þessum mótum tæpast í manna minni höfð (gæti verið minnisbrestur vegna aldurs). Mótið heppnaðist vel í alla staði og tímaáætlun stóðst sérstaklega vel. Þátttakan á mótinu hefur aldrei verið meiri eða í kringum 400 skráningar og jöfnuðust þær í sumum flokkum á við landsmótsskráningar. Margir af sterkustu knöpum og hestum landsins mættu til leiks. Íslandsmet voru að sjálfsögðu sett í skeiðgreinum eins og vera ber á metamóti eins og þessu.

Styrktaraðilar voru þó nokkrir að mótinu t.d. Frumherji, Arionbanki og aðilar að forstjóratölti. Matarstyrkir fyrir starfsfólk komu meðal annars frá KFC, Til Sjávar og Sveita, Kökuhorninu og Coca cola.

Einnig var mótið styrkt með veglegum folatollum sem voru í vinning fyrir:

Sætið í A-fl. opnum var það undir Spuna frá Vesturkoti gefandi Finnur Ingólfsson

Sætið í B-fl. opnum var það undir Krók frá Ytra-Dalsgerði gefandi Kristinn Hugason

Sætið í Tölt opnum fl. var það undir Sædyn frá Múla gefandi Finnur Ingólfsson

Meistaramót Andvara var upprunalega hugsað sem Metamót og lokamót ársins þeir bestu meðal þeirra bestu. Engin alvarleg gagnrýni á mótið hefur komið frá þeim sem teljast til þessa hóps og hef ég ekki heyrt annað en að almenn ánægja ríki meðal þeirra um framkvæmd mótsins. En talsverð gagnrýni hefur komið fram varðandi áhugamannaflokk mótsins. Sú gagnrýni kemur aðallega frá ungmönnum sem eru að skrá sig í áhugamannaflokk og varðar tímasetningu áhugamannaflokka á föstudögum. En við getum tæpast sett upp svona stórt mót og þóknast öllum kröfum allra.

Lágmarksaldur mótsins hefur hingað til verið 16 ár og var sá aldur miðaður við sjálfræðisaldur barna á þeim tíma, nú eru þessi mörk 18 ár og munum við sjálfsagt miða við þann aldur framvegis.

Á laugardagskvöldinu var mikil stemning í félagsheimilinu en þar fór fram uppboð á sætum í úrslitum og var vel boðið og skapaðist þar góð stemming. Ungu mennirnir Ingimar og Addi ásamt tveimur enn yngri drengjum sáu um fjörið eins og þurfa þótti fram eftir nóttu.

Fjöldi starfsmanna þarf til að geta haldið svona mót og brugðust ekki Andvarafélagar í þeim efnum frekar en vanalega. Öll störf við mótið voru unnin í sjálfböðavinnu að undanskildum dómurum. Tóku meira að segja nokkrir félagsmenn sér frí úr vinnu til að geta liðsinnt okkur við framkvæmd mótsins.

Meistaramótsnefnd vill þakka þessu fólki kærlega fyrir frábær og óeigingjörn störf og að gera okkur kleift að halda slíkt stórmót.

Einnig þökkum við styrktaraðilum mótsins kærlega fyrir veittan stuðning.

Að lokum má geta þess að mótið skilaði umtalsverðum aurum í sjóði Andvara og er þetta mót ein stærsta fjáröflun félagsins.

Fyrir hönd Meistaramótsnefndar.

Þorsteinn Pálsson

## **Hestadagar**

Hestadagar voru haldnir 28. mars – 3. apríl 2011 og voru allir formenn á höfuðborgarsvæðinu að skipuleggja þá með Landssambandi Hestamanna og félagsmenn tóku virkan þátt. Mánudag


og þriðjudag voru farnar kynbótaferðir, miðvikudag var Félag tamningamanna með sýnikennslu, fimmtudag var Landbúnaðarháskólinn á Hólum með kynningu í reiðhöll Harðar og einnig var sölusýning hjá Herði. Föstudag var Sörli með sýningu hjá Fjarðarkaupum og leikskólum bæjarins. Svo var stórsýning í Reiðhöll í Víðidal sem öll hestamannafélögin á höfuðborgarsvæðinu tóku þátt í. Á laugardeginum var svo hestaskrúðganga frá BSÍ upp í Húsdýragarðinn, þar sem var búið að setja upp hestaþorp, litlir kofar með sölubásam og margar sýningar um allan garð.

Laugardagskvöldinu kepptu þeir allra sterkustu í ístölti.



## Nefndakvöld Andvara 2011

Vel heppnað nefndakvöld Andvara var haldið 22. október 2011, en nefndakvöld er haldið einu sinni á ári og með því vill Andvari þakka öllu því frábæra fólki sem er að vinna allan veturinn í sjálfboðavinnu fyrir félagið. Að þessu sinni var boðið uppá fordrykk, humarsúpu, kalkúnabringur, lamb og meðlæti að hætti Jonna og Erlu í Kænunni. Erling Sigurðsson var veislustjóri og reitti af sér brandarana eins og honum er einum lagið, svo var spjallað og skemmt sér fram eftir kvöldi. Myndir frá nefndakvöldinu eru inná facebooksíðu Andvara.



## Staða sameiningar

Í byrjun september hittust stjórn Andvara og Gusts til viðræðna um sameiningu félaganna. Sú hugmynd kom upp á fundinum að skipa sameiginlega samninganefnd. Skipaðir yrðu tveir frá hvoru félagi og myndi nefndin ræða við sveitarfélögin um sameiningu félaganna. Stjórnir félaganna skrifuðu bæjarfélögunum bréf þar sem þess var óskað að skipaðir yrðu tveir fulltrúar frá hvoru bæjarfélagi í þessa nefnd.

### Þeir fulltrúar sem skipaðir voru í nefndina:

Halldór Halldórsson Andvara

Þorvaldur Sigurðsson Andvara

Guðmundur Hagalínsson Gusti

Sveinbjörn Sveinbjörnsson Gusti

Gunnar Einarsson, bæjarstjóri Garðabæ

Eysteinn Haraldsson Garðabæ

Guðrún Pálsdóttir, bæjarstjóri Kópavogi

Steingrímur Hauksson Kópavogi

Eftirtalin mál brenna helst á okkur varðandi sameiningu og samvinnu við bæjarfélögin:

Breikkun reiðleiða ( Í samræmi við deiliskipulag svæðisins )

Nýjar reiðleiðir ( Samkvæmt deiliskipulagi og utan þess )

Eignarhald á fasteignum ( Eignarhaldsfélag stofnað af bæjarfélögum )

Viðhald eigna ( Í umsjá eignarhaldsfélagsins )

Fasteignagjöld svæðisins ( Samræmd milli sveitarfélaga )

Ný gerði ( Amk. tvö tamninga- og hringgerði strax )

Lýsing á svæðinu ( Bæting á lýsingu frá því sem nú er )

Ný reiðhöll ( Þarfagreining hugm. lagðar fyrir sveitarfélögin )

Félagsaðstaða ( Viðbótarbygging við Andvarahöllina )

Keppnisvellir ( Nýr völlum í Skeifunni, endurbætur á öðrum )

Mikilvægt er að tekið verði rétt á málum svo uppbygging, viðhald og rekstur svæðisins verði sem best. Nefndin hefur hist á einum fundi og lofar framhaldið góðu. Gott væri að fá sem flestar hugmyndir til okkar sem geta nýst í þessu tilliti.

Þorvaldur Sigurðsson

Halldór Halldórsson

## **Saga félagsins**

UMSK eða Ungmennasamband Kjalarnesþings samþykkti að styrkja okkur um kr. 150.000.- ef við færum í að skrifa sögu félagsins og við gætum sennilega fengið kr. 30-50.000.- úr verkefnasjóði UMFÍ en ekki er búið að sækja um það.

Stofnuð var nefnd til að halda utanum gögn, myndir og fleira í þeim efnum og þar sitja:

Ingibjörg G. Geirsdóttir

Halldór H. Halldórsson

Kristinn Hugason

Þorvaldur Sigurðsson

Kristinn Hugason tók að sér að tala við Helga Sigurðsson til að fá tilboð í að skrifa söguna fyrir okkur.



Nauðsynlegt er að halda utan um þessa hluti, sérstaklega í ljósi fyrirhugaðar sameiningar félaganna.

## **Félagsheimili**

Eitt af þeim verkefnum sem stjórnin framkvæmdi á síðasta ári var að skipta út salernum og setja nýjar innihurðir í félagsheimilið ásamt því að lagfæra öndun á þró. Við lentum í því leiðindamáli að félagsheimilið var í útleigu og salerni virkuðu ekki. Það er búið að ráða bót á því. Að auki voru stigahandrið lökkuð og tröppur pússaðar og lakkaðar. Félagsheimilið er í útleigu og tekjur af leigu voru 680.000.-

## **Félagssvæði**

Töluverðar framkvæmdir hafa verið á félagssvæðinu er þar helst að telja hringgerðið góða, lagfæringu á plani fyrir framan reiðhöll og kerrustæðum. Að auki var farið í að setja upp rekstrarhring og lögðu þar margir félagsmenn hönd á plóg. Ýmislegt var keypt í veitingagám. En fremur seldum við gamla dómpallinn.

## **Heimasíða**

Heimasíða Andvara hefur verið líflæg þennan veturinn eins og undanfarin ár. Heimasíðan hefur fest sig í sessi sem mikilvægur upplýsingamiðill félagsmanna. Þar er sett inn dagskrá vetrarins, mikilvægar upplýsingar, ýmsar auglýsingar og einnig er þar að finna nöfn og símanúmer nefndar- og stjórnarmenn félagsins svo fátt eitt sé nefnt.

Fyrr í vetur var gerð útlitsbreyting á heimasíðunni, þannig að fleiri fréttir komast fyrir á forsíðunni auk þess sem hægt er að setja inn myndir með fréttinni sem birtist á forsíðunni. Gaman væri ef sett væri inn mynd með hverri frétt, en því hefur verið ábótavant, og gæfi það heimasíðunni skemmtilegri mynd.

Hægt væri að nýta heimasíðuna enn betur, t.d. að setja þar inn stundaskrá reiðhallarinnar og stundaskrá námskeiða innan félagsins. Einnig væri hægt að safna saman netföngum félagsmanna svo þeir fengju tilkynningu þegar ný frétt væri sett inn á síðuna.

Þó heimasíðan sé góð og gild í núverandi mynd þá væri hægt að betrumbæta hana og hreinsa til.

Umsjón með heimasíðunni í vetur hefur verið í höndum stjórnarmanna Andvara.

## Samstarf við Garðabæ

Samstarf við Garðabæ hefur verið mjög gott þeir hafa styrkt okkur vegna unglingsstarfs um kr. 3.600.000. Allur þessi styrkur fór í að greiða niður reiðnámskeið barna og unglinga Andvara. Og til reksturs og uppbyggingu félagsins kr. 1.800.000.- Allnokkrir fundir voru farnir til bæjarstjóra Gunnars Einarssonar sem hefur alltaf tekið okkur vel.

## LH þing

LH-þing var haldið á Akureyri dagana 22.–23.október 2010.

57. Landsþing LH tókst með ágætum og fengu Léttismenn hrós fyrir vel skipulagt og gott Landsþing. Rétt til setu á þinginu áttu 47 félög með samtals 171 fulltrúa, en til þingsins skiluðu sér 168 fulltrúar auk fjölda áheyrnarfulltrúa. Hestamannafélagið Andvari átti 7 fulltrúa á þinginu og komu þeir bæði úr stjórn og nefndum félagsins.

Að þessu sinni kom ósk frá kjörnefnd þingsins að aðildarfélögin stilltu upp í nefndir í aðdraganda þinghaldsins. Andvarafélögum var því öllum stillt upp í ákveðnar nefndir fyrir þingið og mæltist það mjög vel fyrir hjá kjörnefndinni og hlutum við mikið hrós fyrir að verða við þessu.

Dagskrá þingsins var þétt að vanda en þingstörf hófust stundvíslega kl. 14.00 á föstudegi og stóðu langt fram á kvöld en nefndir þingsins hófu störf um kl. 16.00. Á laugardeginum var hafist handa kl. 09.00 með því að nefndir skiluðu álitum og þá hófst afgreiðsla mála. Þingslit voru um kl. 17.00.

Minni á að fréttir af þinghaldinu, skýrslur nefnda og stjórnar LH ásamt og þinggerðinni í heild er að finna á vefsíðu LH, á slóðinni: <http://www.lhhestar.is/is/page/landsting>

## Félagatal

Félögum hefur fjölgað frá því í fyrra úr 479 í 549.

## Fræðslustarf

Síðastliðinn vetur vorum við með mjög skemmtilegt og fróðlegt erindi um ræktun með Gunnari Arnarssyni. Einnig var Anna Valdimarsdóttir með reiðnámskeið.

## Karlatölt

Karlatölt var haldið í reiðhöll Andvara. Ekki var skilað inn skýrslu.

## Golur


Golurnar fóru í ferð þann 13.maí. Mættar voru um 30 konur í góðu veðri, riðið var upp í Heiðmörk og þar voru herra menn með veitingar, mat og drykk sem var vel þegið. Síðan var riðið heim með Vífilstaðahlíðinni og allar komust heim heilar.



## Reiðhöllin

Rekstur reiðhallarinnar hefur gengið vel á árinu og verið í föstu formi, seldir hafa verið aðgangsslyklar fyrir félagsmenn og hefur mikið verið um námskeiðahald. Búið er að frumteikna viðbyggingu við austurenda reiðhallarinnar uppá tvær hæðir og gert er ráð fyrir

góðri inniaðstöðu fyrir hross og keppnisfólk, ásamt snyrtingum og á efri hæðinni er gert ráð fyrir stórum sal og skrifstofu- og námskeiðsaðstöðu. Þá er gert ráð fyrir að gluggar verði bæði inn í reiðhöllina úr salnum og út á keppnissvæðið. Okkar hugmynd er að þegar sameining verður þá verði félagsaðstaðan okkar megin í Andvara.



### **Rásbásar:**

Þeir voru leigðir út þrisvar í vetur. Og sá Þorsteinn Pálsson um að koma þeim á staðinn og sækja þá.

### **Reiðskóli á sumrin.**

Reiðskóli sem er rekinn í Andvara á vegum Topphesta af þeim Jónínu og Rabba var með sama sniði og síðasta ár. Andvari lagði til félagsheimilið sem þau leigðu á vægu verði en aðstöðuna utandyra og beit lagði Andvari til.

## Lokaorð.

Þegar lítið er til baka er stjórn Andvara mjög ánægð með árið. Margt hefur verið gert á síðasta starfssári eins og skýrsla stjórnar skýrir frá hér að ofan. Flestar nefndir eru virkar og vinna vel. Félagsstarfið er aldrei virkara heldur en félagar sjálfir svo það er undir okkur komið hversu öflugt félagið Andvari verður í framtíðinni. Á síðasta ári fór mikill tími í fundahöld til að sameina félögin Andvara og Gust og reiknum við með að mikill tími fari á komandi ári í að funda vegna sameiningar félaganna. Að lokum vill fráfarandi stjórn Andvara þakka öllum sem hafa unnið að málefnum félagsins á starfsárinu. Ýmsir aðilar hafa styrkt félagið með vinnuframlagi, styrkjum og gjöfum og færir stjórn þeim öllum þakkir fyrir.



# **Hestamannafélagið**

## **Andvari**

### **Ársreikningur**

**1. október 2010 til 30. september 2011**

# Áritun stjórnar og endurskoðanda á ársreikninginn

## Áritun stjórnar

Stjórn Hestamannafélagsins Andvara staðfestir hér með og samþykkir ársreikning félagsins fyrir reikningsárið 1. október 2010 til 30. september 2011

Garðabæ 24. nóvember 2011

Ornyljóga G. Geirsdóttir  
Hrafnvildur - Pálsdóttir  
Sigrún Ólafsson  
Sigrún Ólafsson  
Sigrún Ólafsson

## Áritun félagskjörins skoðunarmanns

Ég undirritaður, félagskjörinn skoðunarmaður Hestamannafélagsins Andvara, hef yfirfarið ársreikning félagsins fyrir reikningsárið 1. október 2010 til 30. september 2011

Garðabæ 24. nóvember 2011

Lárus Finnbogason  
Lárus Finnbogason

## Rekstraryfirlit 1. október 2010 til 30. september 2011

	Skýr.	2010-2011	2009-2010
<b>Rekstrartekjur</b>			
Félagsgjöld.....	1	1.197.107	1.216.000
Íþróttastarfsemi.....	2	8.092.787	5.788.739
Aðrar tekjur.....	3	2.073.854	937.063
Styrkur frá Garðabæ.....	4	3.600.000	4.000.000
		<b><u>14.963.748</u></b>	<b><u>11.941.802</u></b>
<b>Rekstrargjöld</b>			
Rekstur félagshúsnæðis.....	5	1.915.349	1.417.515
Rekstur félagssvæðis.....	6	3.568.958	1.776.768
Kostnaður vegna móta og æskulýðsstarf.....	7	6.868.875	3.498.298
Önnur rekstrargjöld.....	8	2.672.830	1.519.761
Laun og launatengd gjöld.....	9	429.978	739.901
		<b><u>15.455.990</u></b>	<b><u>8.952.243</u></b>
<b>Tekjur umfram gjöld</b>		<b><u>( 492.242)</u></b>	<b><u>2.989.559</u></b>
		<b><u><u>-492.242</u></u></b>	<b><u><u>2.989.559</u></u></b>
<b>Til ráðstöfunar</b>		<b><u><u>-492.242</u></u></b>	<b><u><u>2.989.559</u></u></b>
<b>Rekstrarniðurstaða</b>		<b><u><u>-492.242</u></u></b>	<b><u><u>2.989.559</u></u></b>

## Efnahagsreikningur 30. september 2011

	Skýr.	2010-2011	2009-2010
<b>Veltufjármunir</b>			
Bankainnistæður.....		2.729.479	2.696.338
Skammtímakröfur.....		2.186.769	2.559.817
		0	0
		<b>4.916.248</b>	<b>5.256.155</b>
<b>Fastafjármunir</b>			
Mannvirki.....	8	31.530.452	31.530.452
Rásbásar.....	9	69.793	174.483
Hlutafé Reiðhöll.....		25.214.018	24.914.018
Hlutafé L2000.....		37.000	37.000
		<b>56.851.263</b>	<b>56.655.953</b>
Eignir utan efnahagsreiknings.....	10		
<b>Eignir samtals</b>		<b>61.767.511</b>	<b>61.912.108</b>
<b>Skuldir</b>			
<b>Skammtímaskuldir</b>			
Kjóavellir ehf.....		1.359.236	473.736
Laun og launatengd gjöld.....			454.805
Spónasala æskulýðsstarfsemi.....			83.050
Ýmsar skuldir.....		2.185	2.185
		<b>1.361.421</b>	<b>1.013.776</b>
<b>Langtímaskuldir</b>			
<b>Skuldir samtals</b>		<b>1.361.421</b>	<b>1.013.776</b>
<b>Eigið fé</b>			
Eigið fé í upphafi reikningsárs.....		60.898.332	57.908.773
Flutt af rekstraryfirliti ársins.....		-492.242	2.989.559
		<b>60.406.090</b>	<b>60.898.332</b>
<b>Skuldir og eigið fé samtals</b>		<b>61.767.511</b>	<b>61.912.108</b>



## Skýringar og sundurliðanir

	2010-2011	2009-2010
<b>1. Félagsgjöld</b>		
Félagsgjöld reikningsársins og eldri innheimta.....	1.197.107	1.216.000
	<b>1.197.107</b>	<b>1.216.000</b>
<b>2. Tekjur af íþróttastarfsemi</b>		
Skráningar á félagsmót, styrkir o.fl.....	2.564.463	465.347
Meistaramót, skráningar, styrkir o.fl.....	1.838.086	1.695.136
Arður frá íslenskri getsþá.....	378.338	413.055
Reiðnámskeið .....	1.511.900	1.115.201
Framkvæmdastyrkur frá Garðabæ.....	3.600.000	
Styrkir vegna unglíngastarfs.....	1.800.000	2.100.000
	<b>11.692.787</b>	<b>5.788.739</b>
<b>3. Aðrar tekjur</b>		
Umhverfisstyrkur frá Garðabæ.....	180.213	132.686
Leigutekjur.....	623.858	485.000
Vaxtatekjur.....	9.783	108.207
Ýmis framlög og aðrar tekjur.....	1.260.000	211.170
	<b>2.073.854</b>	<b>937.063</b>
<b>4. Rekstur félagshúsnæðis</b>		
Viðhald .....	1.249.467	163.153
Rafmagn.....	389.027	300.828
Vátryggingar.....	276.855	233.160
Fasteignagjöld.....	1.976.180	1.976.180
Garðabær niðurf. Fasteignagjöld .....	-1.976.180	-1.976.180
Áhöld og búnaður.....		665.762
Annar kostnaður.....	0	54.612
	<b>1.915.349</b>	<b>1.417.515</b>
<b>5. Rekstur félagssvæðis</b>		
Viðhald og ýmsar framkvæmdir.....	1.532.494	89.864
Tamningagerði .....	1.856.251	828.054
Dómarahús .....		726.164
Kostn. v. umhverfisdags.....	180.213	132.686
	<b>3.568.958</b>	<b>1.776.768</b>
<b>6. Kostnaður vegna móta og unglíngastarfs</b>		
Kostnaður við félagsmót.....	2.082.002	166.191
Meistaramót.....	949.836	1.153.718
Kostnaður við landsmót.....	602.943	226.188
Reiðnámskeið barna og unglínga.....	2.796.094	1.570.515
Reiðnámskeið fullorðinna.....	288.000	277.986
Æskan og hesturinn .....	150.000	103.700
	<b>6.868.875</b>	<b>3.498.298</b>

	2010-2011	2009-2010
<b>7. Önnur rekstrargjöld</b>		
Sími Posi ofl.....	134.187	103.655
Pappír prentun ritföng .....	63.299	0
Kostnaður vegna stjórn, nefndarkvöld o.fl.....	341.640	257.715
Umsjón með rásbásam.....	86.000	0
Póstburðargjöld.....	23.760	5.922
Auglýsingar.....	19.714	31.995
Heimasíða.....	89.080	72.481
Kostnaður við landsþing.....	417.906	0
Bókhaldskostnaður.....	304.245	0
Tölvukaup .....	147.850	
Framlag til LH.....	479.250	510.750
Veitingaleyfi.....	52.125	
Aðalfundur.....	24.483	0
Kostnaður vegna innheimtu.....		48.451
Afskrift rásbása.....	104.690	104.690
Tapaðar kröfur.....	319.013	278.980
Annar kostnaður.....	1.777	
Innheimtukostn og þjónustugjöld banka.....	63.811	
	<b>2.672.830</b>	<b>1.414.639</b>
<b>8. Laun og launatengd gjöld</b>		
Laun .....	<b>531.650</b>	<b>1.215.000</b>
Áætlað áunnið orlof.....		<b>157.000</b>
Staðgreiðsla og tryggingagjald.....	<b>245.390</b>	<b>113.505</b>
Framlag í lífeyrissjóð.....	<b>107.743</b>	<b>97.200</b>
Skammtímaskuldir 2010.....	<b>-454.805</b>	<b>21.628</b>
Vinnumálastofnun .....		<b>-864.432</b>
	<b>429.978</b>	<b>739.901</b>
<b>9. Bankainnistæður</b>		
Arion banki 15502	<b>2.466.072</b>	<b>2.396.346</b>
Arion banki 800392	<b>92.107</b>	<b>88.654</b>
Arion banki 8304	<b>115.531</b>	<b>43.014</b>
Íslandsbanki 2096	<b>55.769</b>	<b>168.324</b>
	<b>2.729.479</b>	<b>2.696.338</b>

10.

### **Fastafjármunir**

Bókfært verð þeirra fastafjármuna sem færðir eru í efnahagsreikning greinast þannig:

	<b>2010-2011</b>	<b>2009-2010</b>
Hattarvellir 1, félagsheimili.....	3.112.565	3.112.565
Aðrar eignir á félagssvæði.....	28.417.887	28.417.887
	<b>31.530.452</b>	<b>31.530.452</b>

Fasteignamat félagshúss og lóðar að Hattarvöllum 1 var í lok reikningsársins kr. 10.820.000

Vátryggingaverðmætis húss nam kr. 11.550.000

Bókfært verð félagsheimilis og annarra eigna á félagssvæði er upphaflegt kostnaðarverð.

11.

### **Rásbásar**

Félagið festi kaup á rásbásum á árinu 2001 að verðmæti kr. 1.172.998. Rásbásarnir eru ætlaðir til afnota fyrir félagið sem og útleigu til annarra félaga. Rásbásarnir eru afskrifaðir árlega um 15% í reikningunum.

12.

### **Eignir utan efnahagsreiknings**

Ýmsar eignir félagsins eru ekki færðar til eignar í efnahagsreikningi. Áhöld, tæki og innanstokksmunir sem félagið hefur eignast hafa ýmist verið þegin að gjöf eða gjaldfærð í reikningum félagsins við kaup.

Á árinu 2010-2011 er gjaldfært vegna tamningagerðis samtals kr. 1.856.251 og vegna ýmissa framkvæmda m.a gerð rekstrarhrings kr. 1.532.494

14.

### **Styrkur frá Garðabæ**

Félagið hefur fram til loka reikningsársins 2008-2009 fengið framkvæmdastyrk frá Garðabæ. Þessi styrkur fór í greiðslu láns hjá Arion banka hf. Þetta lán greiddist upp 2008- 2009. Garðabær hefur haldið áfram að styrkja félagið og fékk félagið í styrk til framkvæmda ofl. frá Garðabæ á árinu 2010-2011 kr. 3.600.000 Heildarstyrkir frá Garðabæ færðir í bókhaldi fyrir utan niðurfellingu fasteignagjalda er á þessu þessu ári samtals kr. 5.380.213

15. Félagið á 91,44% af heildarhlutfé í reiðhöllinni Kjóavellir ehf. eða samtals kr. 25.214.018

Á árinu 2010-2011 voru keyptir 2 hlutir í félaginu fyrir kr. 300.000